

**Ed.**

**518. Nefndarálit**

**[198. mál]**

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar Ed. skv. beiðni landbúnaðarráðherra. Að lokinni 1. umr. um málið var það fengið nefndinni til athugunar. Haldinn var einn fundur. Ekkert nýtt kom þar fram. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt. Á þá afgreiðslu gat ég undirritaður ekki fallizt af ástæðum, sem greinir hér á eftir:

Frv. um þetta efni hefur tvívegis áður legið fyrir Alþingi og í hvorugt skiptið náð fram vegna ágreinings.

Hinn 16. des. s. l. skipaði landbúnaðarráðherra 5 manna nefnd til að endurskoða frv. um loðdýrarækt, sem borið var fram á þingi 1965—1966.

Nefndina skipuðu: Ásberg Sigurðsson borgarfégeti, form., alþingismennirnir Bragi Sigurjónsson, Jónas Pétursson og Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius menntaskólakennari. Milliþinganefnd þessi tók til starfa 10. jan. s. l. Hélt nokkra fundi. Kvaddi hún nokkra menn til viðtals, sem flestir eða allir höfðu áður verið kvaddir til álitsgjörðar um málið. Engar nýjar upplýsingar sýnast hafa fram komið fram yfir það, sem áður var kunnugt, að öðru leyti en því, að nú fylgir frv., sem breytt hefur verið um örfá atriði, lausleg áætlun um rekstur 1000 læðu minkabús á Íslandi, gerð af Efnahagsstofnun ríkisins í febrúar s. l.

Millipinganevndin varð ekki samdóma um afgreiðslu máls til landbúnaðarráðherra. Meiri hl., þeir Ásberg Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson og Jónas Pétursson, mælti með framgangi frv., sem hér liggur fyrir, en þeir Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius lögðu til, að millipinganevndin hefði málið enn til frekari könnunar.

Í álitserð minni hl. millipinganevndarinnar segir m. a., „að (millip.-)-nefndin hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið eins og landbúnaðarráðherra lagði fyrir nefndina að gera og því ekkert á því að byggja, sem frá nefndinni kemur á þessu stigi málsins.“ Ennfremur segir, „að (millip.-)-nefndin hafi haft of skamman tíma til starfa, til að tóm gæfist til að kynna sér málið hjá erlendum aðilum, svo nokkuð sé á að byggja.“ Loks segir í tilvitnaðri álitserð: „Að athuguðu máli leggur minni hl. til, að nefndin fái málið til endurskoðunar, byggji afstöðu sína á könnun, en ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina, og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.“

Hér er vægast sagt fast að orði kveðið af hálfu minni hl. millipinganevndarinnar. Af þessu verður vart annað ráðið en millipinganevndin hafi alls ekki lokið ætlunarverki sínu. Málinu er eigi að síður dembt inn í þingið á síðustu dögum þess að sinni, væntanlega með það fyrir augum að hespa það af, ef ráð væru til.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið úr álitserð minni hl. millipinganevndarinnar, sýnist annað ekki sæma en að meðferð máls verði lokið þegar hér á Alþingi í þetta sinn og málið tekið til framhaldsmeðferðar af þeirra hálfu, sem falið var að vinna það til hlítar. Yrði þá við komið nauðsynlegri könnun, og upplýsinga, sem nú telst mjög á skorta, aflað, þannig að allir meginrættir mættu verða ljósari og heildarsýn fengist um hið umdeilda mál.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið rakið, vil ég drepa á nokkur atriði til umhugsunar:

1. Hér ríkir geigvænlegur fjármagnsskortur í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna og raunar öllu efnahagskerfinu.

2. Minkarækt er mjög viðkvæm atvinnugrein, áhættusöm og áfallagjörn. Ekkert þykir mega út af bera í fóðrun, hirðingu og kynbótum aliminka. Nánast um vísindagrein að ræða, sem okkur Íslendingum er ókunn sem slík.

3. Ekkert upplýst, hvar eða með hverjum hætti yrði komið inn á skinnamarkaði, þar sem ríkir hörð samkeppni.

4. Verðsveiflur á þessum markaði æðimiklar, svo háður sem hann er tízku og mikilli kaupgetu. Verðlækkunartímabil hafa orðið nokkur og staðið sum hver allt að tveimur árum. Í Bandaríkjunum varð t. d. mikið verðfall árið 1967.

5. Áætlun Efnahagsstofnunarinnar um rekstur 1000 læðu minkabús hér á landi styðst aðeins við upplýsingar frá einum erlendum aðila, dönskum. Fjármögnun áætluð rösklega 10 millj. Hreinn hagnaður 295 þús. kr. Í niðurstöðu áætlunarinnar segir m. a.: „Miðað við þær upplýsingar og forsendur, sem byggt er á, virðist vænlegt, að gerð sé tilraun til minkaræktar á Íslandi. En hafa ber í huga, að sumt í athuguninni er varla nógu ýtarlegt.“ Fyrir efunarmenn eru þessar upplýsingar ekki ýkja sannfærandi um efnahagslegt gildi minkaræktar hér og því síður að þar á sé byggð löggjöf um loðdýrarækt almennt.

6. Í Danmörku, Finnlandi og Kanada og jafnvel Svíþjóð er talið, að minkaeldi sé fremur á fallandi fæti.

7. Erlend minkafóðurefni, mjög dýr sum hver, sem flytja þyrfti inn, e. t. v. um 40—50% af heildarverði fóðurs.

8. Loðdýrarækt var stunduð hér um tveggja áratuga skeið og lauk með hinni verstu plágu — villiminknum alræmda. Það er því varla undrunarefni, þó að mörgum Íslendingi sé það fjarri skapi að stofna af nýju til minkaræktar og telji mikils þurfa við, ef að því ráði yrði horfið.

9. Það mun almennt viðurkennt, að minkar sleppi úr haldi meira og minna, hversu vel sem um búr þeirra er búið.

10. Umsagnir og aðvaranir íslenskra náttúrufræðinga hljóta að hvetja til varfærni og áráttulausrar íhugunar um málið.

Með skírskotun til þess, sem greint hefur verið, og með því að ekki sýnist bráð nauðsyn á endanlegri úrlausn, verður að telja, að enn frekari íhugunar sé þörf í þessu vandmeðfarna og umþráttaða máli.

Því legg ég til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Björn Fr. Björnsson.